

Skipulagsstofnun
b.t. Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

DAGS. 22. maí 2024

VERKEFNANÚMÉR 1.661.228

Dysnes – landfylling og höfn

Hafnasamlag Norðurlands bs. hefur móttekið umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi við matsáætlun fyrir uppbyggingu landfyllingar og hafnar í Dysnesi. Matsáætlun var í kynningu frá 27. nóvember til 26. desember 2023. Hér á eftir er brugðist við umsögnum sem borist hafa, en alls voru þær frá 11 aðilum.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Umsögn Samgöngustofa..... | 2 |
| Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra | 2 |
| Umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands..... | 3 |
| Umsögn Minjastofnun Íslands | 7 |
| Umsögn Vegagerðin - Norðursvæði | 8 |
| Umsögn Landhelgisgæsla Íslands..... | 9 |
| Umsögn Hafrannsóknastofnun | 9 |
| Umsögn Hörgársveit..... | 9 |
| Umsögn Orkustofnun | 10 |
| Umsögn Umhverfisstofnun..... | 13 |
| Umsögn Dalvíkurbyggð..... | 16 |

Umsögn Samgöngustofa

| Nr. 1 - Umsögn Samgöngustofa | Viðbrögð |
|---|---|
| Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við matsáætlun vegna fyrirhugaðs mats á umhverfisáhrifum. | <i>Umsögn krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.</i> |

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

| Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra | Viðbrögð |
|--|--|
| Í kafla 1.6. kemur fram að sækja þurfi um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir rekstri hafnar. Rekstur hafna er ekki háður starfsleyfi heilbrigðisnefnda og því óþarfi að sækja um slíkt leyfi. | <i>Umfjöllun um leyfismál verður uppfærð í umhverfismatsskýrslu.</i> |
| Í kafla 2.3.1 er fjallað um neysluvatnsöflun fyrir svæðið og tveir valkostir nefndir til sögunnar Hörgáreyrar og Hofsskarð. Vakin er athygli á því að neysluvatn þarf að taka úr vatnsveitu sem hlotið hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Umhverfis vatnsból þarf að skilgreina vatnsverndarsvæði í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. | <i>Hörgársveit vinnur að því í samstarfi við Norðurorku að skoða mögulega vatnsveitu fyrir svæðið og meta þörf á fjölgun vatnsbóla. Ef þörf verður á að skilgreina nýtt vatnsból verður það gert í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.</i> |
| Í töflu 3.2. kemur fram áætlað heildarefnismagn til landfyllingar eru 1,8 milljónir m ³ . Gert er ráð fyrir að efnistökusvæði verði í sjó í nágrenninu en eitthvað af stórgrýti gæti þurft að flytja á svæðið frá námum á landi. Vakin er athygli á því að efnistaka á landi fellur undir tölulið 2.6. við X viðauka reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Efnistakan er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. | <i>Rannsóknir á mögulegum efnistökusvæðum í sjó standa yfir þar sem verið er að greina stærð svæðis m.t.t. magns efnis, samsetningu efnis, aðgengi og mögulegra umhverfisáhrifa. Þegar fyrir liggur hvar efni verður tekið, hvort sem það verður á landi eða sjó verður sótt um tilskilin leyfi.</i> |

| Nr. 2 - Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra | Viðbrögð |
|--|---|
| Þá er vakin athygli á misræmi texta í kafla 3.3. og í töflu 3 en í upphafi kaflans segir að hugsanlegt sé að taka efni úr sjó en í töflunni segir að ráðgert sé að efnisöflun verði í sjó. | <i>Orðanotkun varðandi efnistöku verður samræmd í umhverfismatsskýrslu.</i> |

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

| Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands | Viðbrögð |
|--|--|
| Tvö friðlýst svæði, náttúruvætti, eru í hafi. Þetta eru hverastrýtur á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum. (Stj.tíð.B. nr. 510/2007) og hverastrýtur á botni Eyjafjarðar (Stj.tíð.B. nr. 249/2001). | <i>Framkvæmdaraðili hefur fengið Rorum til að framkvæma greiningar og taka botnsýni og meta mögulega áhrif framkvæmdar á umhverfi á hafsbotni. Framkvæmdin við gerð hafnarsvæðis er hvorki talin hafa áhrif á friðlýst svæði né náttúruvætti, sem eru tilgreind í ábendingu. Þetta verður þó skoðað nánar ef efni verður tekið úr sjó eins og ráðgert er. Fjallað verður um verndarsvæði í umhverfismatsskýrslu en skipulagssvæði Dysnes er ekki innan verndarsvæða.</i> |
| Svæði á náttúruminjaskrá, Hörgárósar nr. 506, sem og aðrar náttúruminjar (C-hluti) nær yfir ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. Svæðið er tilnefnt fyrir tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar. Við Hörgárósa eru miklar leirur sem hafa hátt alþjóðlegt verndargildi og njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. | <i>Fjallað verður um verndarsvæði í umhverfismatsskýrslu. Skipulagssvæði Dysness er ekki innan verndarsvæða.</i> |
| Efnisþörf framkvæmdarinnar verður mjög mikil og er gróflega áætluð um 1,8 milljón m ³ . Helst er horft til efnistöku af hafsbotni í nálægð við framkvæmdasvæðið en einnig á hafsvæði norðan við framkvæmdasvæðið, um 250 m utan við Bakkeyri. Þá eru nefndar efnisnámur á landi sem koma til greina, aðallega til námuvinnslu á stórgrýti til uppbyggingar hafnarmannvirkja. Náttúrufræðistofnun gerði úttekt á jarðlögum svæðisins árið 1990 sem sýndu að undir mólendinu í Dysnesi er allnokkur jarðvegsþykkt með jökulruðningi í | <i>Rannsóknir hafa verið framkvæmdar vorið 2024 af Köfunarþjónustunni og Kjartani Thors á efnissamsetningu á mögulegum efnistökusvæðum í sjó. Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um niðurstöður rannsókna og val á efnistökusvæði fyrir framkvæmdina.</i> |

| Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands | Viðbrögð |
|--|--|
| <p>botni sem er óvenju ríkur af fínefnum, líklega leir. Vegna þessa er efnið ekki frostfrítt og ekki góð undirstaða fyrir byggingar (HGP 1990).</p> | |
| <p>Efnistaka í hafi hefur gífurleg mikil umhverfisáhrif á lífríki sjávar, og raskar búsvæðum botndýra. Í umhverfismati þarf að koma fram hvort á fyrirhuguðu námasvæði séu t.d. hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur. Kanna þarf áhrif efnistökkunnar á lífríki hafsbotsins, á fuglalíf og þá sérstaklega sjófugla og hvort fæðustöðvar þeirra séu í eða við efnistökusvæðin. Mikilvægt er að draga sem mest úr gruggmengun við efnistöku til að minnka áhrif þess á lífríki þ.m.t. í vatnsbolnum. Gruggmengun getur einnig truflað fæðunám sjófugla. Vegna þessa er þörf á að gera grein fyrir hafstraumum utan við Dysnes til að átta sig á mögulegri dreifingu gruggs í hafi.</p> | <p><i>Framkvæmdaraðili hefur fengið Rorum til að framkvæma greiningar og taka botnsýni og meta möguleg áhrif framkvæmdar á sjávarumhverfi.</i></p> <p><i>Fjallað verður um möguleg áhrif efnistöku í sjó og hafstrauma utan við Dysnes í umhverfismatsskýrslu.</i></p> |
| <p>Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að fylgst sé með efnistöku á hafsbotni og leggur til að reglulega séu gerðar fjölgeislamælingar af efnistökusvæðum þannig að unnt sé að meta umfang og áhrif þeirra. Sækja þarf um leyfi hjá Orkustofnun vegna efnistöku á hafsbotni.</p> | <p><i>Framkvæmdaraðili hefur fengið Rorum til að framkvæma greiningar og taka botnsýni og meta möguleg áhrif framkvæmdar á umhverfi.</i></p> <p><i>Fjallað verður um möguleg áhrif efnistöku í sjó í umhverfismatsskýrslu.</i></p> |
| <p>Kanna þarf gróður og vistgerðir, þ.m.t. strandgróður og strandvistgerðir, á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en um er að ræða mólendi/votlendi, sjávarbakki/malarströnd og strandsvæði.</p> | <p><i>Framkvæmdaraðili hefur fengið Rorum til að framkvæma greiningar og taka botnsýni og meta möguleg áhrif framkvæmdar á umhverfi.</i></p> <p><i>Fjallað verður um möguleg áhrif efnistöku í sjó í umhverfismatsskýrslu.</i></p> |
| <p>Í matsáætlun kemur fram að fuglalíf, hljóðvist og mengun séu umhverfisþættir sem ekki verða skoðaðir frekar fyrir mat á umhverfisáhrifum, þar sem áhrif framkvæmda á þá séu talin engin eða óveruleg. Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir þetta og telur mikilvægt að skoða þessa umhverfisþætti fyrir mat á umhverfisáhrifum.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mengunarvarnir á framkvæmdatíma og rekstartíma hafnarinnar. Í umhverfismatsskýrslu verður farið yfir mögulega starfsemi og hljóðvist á hafnarsvæðinu. Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við umfjöllun um fuglalíf á svæðinu.</i></p> |

| Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands | Viðbrögð |
|--|---|
| <p>Gert er ráð fyrir að umfjöllun um fuglalíf verði út frá tiltækum gögnum en ekki kemur fram hver þessi tiltæku gögn eru. Kanna þarf fuglalíf á mólendi/votlendi svæðisins sem fer undir athafna- og iðnaðarsvæði. Gera þarf grein fyrir sjófuglum og mögulegum fæðustöðvum við strandlengju Dysness, eins og áður hefur komið fram. Einnig þarf að skoða möguleg áhrif framkvæmda á Hörgárósa sem eru á náttúruminjaskrá m.a. vegna fugla.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við um fuglalíf á svæðinu og möguleg áhrif á Hörgárósa.</i></p> |
| <p>Ekki kemur skýrt fram í matsáætlun hverskonar starfsemi er fyrirhuguð á hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðunum, sem getur skipt máli varðandi mengun og áhrif þess á lífríki.</p> | <p><i>Um er að ræða hafnsækna starfsemi og þá starfsemi sem heimil er í samræmi við skilgreiningar á þeim landnotkunarflokkum sem eru tilgreindir á skipulagssvæðinu í aðalskipulagi. Í deiliskipulagi fyrir svæðið eru sett fram almenn ákvæði í kafla 4.1 og sérákvæði í kafla 4.2. fyrir starfsemi á skipulagssvæðinu. Þess ber að geta, að umhverfismatsskýrslan tekur fyrst og fremst á hafnargerðinni og landfyllingunni henni samfara. Á þessu stigi er ekki ljóst hvers konar starfsemi verður á svæðinu, en ef til þess kemur að á svæðið komi starfsemi sem falli undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þá verður tekið á þeirri starfsemi í sjálfstæðu matsferli.</i></p> |
| <p>Fram kemur að draga á úr hljóðmengun með mótun lóðar og landslags og á hönnunarstigi verður hugað að aðgerðum sem snúa að notkun umhverfisvænna hljóðlausna og hátækniþúnaðar. Vissulega verður allmikil hljóðmengun meðan á framkvæmdum stendur en hún verður einnig eftir að starfsemi er hafin á hafnarsvæðinu. Gera þarf grein fyrir hljóðmengun vegna starfsemi svæðisins.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður farið yfir mögulega starfsemi og hljóðvist á hafnarsvæðinu</i></p> |
| <p>Gera þarf grein fyrir ljósmengun og ásýndarbreytingum við Dysnes eftir að framkvæmdum er lokið.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um ásýndarbreytingar á svæðinu og mögulega ljósmengun.</i></p> |
| <p>Gera þarf grein fyrir vegtengingum frá Ólafsfjarðarvegi við nýtt hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæði á Dysnesi og ætti nýr vegur að vera hluti af matsáætlun framkvæmdar.</p> | <p><i>Vegtenging er ekki innan skipulagssvæðis deiliskipulagssvæðisins heldur er um að ræða mögulega skylda framkvæmd sem myndi þjónusta svæðið í heild sinni og væri hluti af breytingu á gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar. Gerð verður grein fyrir og metin umhverfisáhrif framkvæmdar í breytingartillögu aðalskipulags</i></p> |

Nr. 3 - Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands**Viðbrögð**

*Hörgársveitar ef ný vegtenging verður við Ólafsfjarðarveg.
Vegtenging yrði samvinnuverkefni Hörgársveitar og
Vegagerðarinnar.*

Umsögn Minjastofnunar Íslands

| Nr. 4 - Umsögn Minjastofnunar Íslands | Viðbrögð |
|--|---|
| <p>Innan framkvæmdasvæðisins eru fornleifar sem fundust sumarið 2017 og voru ekki skráðar við fornleifaskráningu árið 2016. Þær þarf að rannsaka frekar. Fyrst þarf að mæla þær upp af fornleifafræðingum og í kjölfarið þarf Minjastofnun að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á minjarnar og leggja til mótvægisáðgerðir þar sem við á. Eftirfarandi skýrslur vantar inná listann yfir fyrirliggjandi gögn: Stefán Ólafsson 2016, Deiliskráning við Dysnes. FS615-16021, Reykjavík. Roberts, Howell M. 2017, Fornleifauppgröftur á Dysnesi við Eyjafjörð 2017. Fyrri áfangi með enskri samantekt, FS663-17121, Reykjavík Roberts, Howell M. og fl. 2018 Kumlateigur á Dysnesi við Eyjafjörð: Framvinduskýrsla FS680-17122, Reykjavík Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Rúnar Leifsson og Guðrún Alda Gísladóttir 2013, Fornleifarannsókn á Kumlholti á Galmaströnd í Eyjafirði 2006, FS467-06451, Reykjavík.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu mun fara fram minjaskráning í samræmi við ábendingar Minjastofnunar Íslands. Fyrirliggjandi skýrslum sem Minjastofnun Íslands bendir á verður bætt við lista um núverandi gögn fyrir svæðið í umhverfismatsskýrslu. Við upptalningu Minjastofnunar Íslands er ekki nefnd heimild sem heitir Fornleifastofnun Íslands 2018, Dysnes. Kumlateigur á Galmaströnd: Fornleifarannsókn 2017. Reykjavík sem verður einnig bætt við.</i></p> <p><i>Minjastofnun Íslands hefur fyrirhugað að skrá inn staðsetningu þeirra fornleifa sem fundust sumarið 2017 og eru ekki tilgreind í ofangreindum heimildum og athuga gildi þeirra. Minjastofnun Íslands mun koma upplýsingum um viðeigandi áðgerðir í framhaldi að skráningu og rannsóknnum sínum sumarið 2024 og mun framkvæmdaraðili bregðast við þeim leiðbeiningum.</i></p> |
| <p>Í umsögn Minjastofnunar um deiliskipulag að Dysnesi sem skrifuð var í kjölfar fornleifaskráningar svæðisins (MÍ201610-0005/ 6.09 / R.L.) dagsett 5. október 2016 var farið fram á fornleifarannsóknir sem framkvæmdar voru sumarið 2017 eftir að deiliskipulagið var samþykkt og þarf að uppfæra kafla 5.5.2 miðað við þessar niðurstöður. Helstu niðurstöður voru þessar: • Fornleif EY-071:011, 012 og 22 þar fundust engar sýnilegar mannvistarleyfar. • EY-071:026 tóftin var fullrannsókuð • EY-071:049 – Rannsóknin skar ekki úr um með fullri vissu að ummerkin væru manngerð, en ekki var gerð krafa um frekari rannsókn • EY-071:009 Kumlateigur. Við rannsókn komu í ljós leifar af stórum kumlateig, með a.m.k. sex gröfum og haugum. Þar af reyndust a.m.k. tvær grafanna vera bátakuml.</p> | <p><i>Þessum upplýsingum sem Minjastofnun vekur athygli á, verður bætt inn í kafla þar sem verður fjallað um fornleifar í umhverfismatsskýrslu.</i></p> |

| | |
|--|---|
| <p>Í kafla 2.4 um verndarsvæði er sérstaklega rætt um kumlategiana tvo sem eru innan skipulagssvæðisins. Rannsókn er lokið á öðrum staðnum, sjá hér að ofan, en hinn er númer EY-071:013 í skráningarskýrslu frá 2016. Þar fór fram lítil rannsókn árið 2006 sem staðfesti að þar eru kuml, en að öðru leiti er staðurinn óraskaður og órannsakaður. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þeim minjastað og er hann merktur sérstaklega á skipulagsupprættinum.</p> | <p><i>Minjastofnun Íslands hefur fyrirhugað að skrá inn staðsetningu þeirra fornleifa sem fundust sumarið 2017 og eru ekki tilgreind í framangreindum heimildum og athuga gildi þeirra. Minjastofnun Íslands mun koma upplýsingum um viðeigandi aðgerðir í framhaldi af skráningu og rannsóknum sínum sumarið 2024 og mun framkvæmdaraðili bregðast við þeim leiðbeiningum.</i></p> |
| <p>Í kafla 3.4.1 Samgöngur segir að fallið hafi verið frá því að aðal aðkoma verði frá Bakkavegi og gert sé ráð fyrir nýjum hafnarvegi. Einnig segir að rafmagnsstrengur verði lagður frá Dalvíkurlínu að Dysnesi til að tengja svæðið við rafmagn. Þegar staðsetning Dalvíkurlínu og nýs vegar verður ljós þarf Minjastofnun að meta þörfina á skráningu á þeim svæðum.</p> | <p><i>Um er að ræða samstarfsverkefni Hörgársveitar, Vegagerðarinnar og Landsnets/Rarik og verður haft fullt samráð við Minjastofnun ef farið verður í þær framkvæmdir sem lýst er í kafla 3.4.1, að mögulega gætu átt sér stað.</i></p> |

Umsögn Vegagerðarinnar - Norðursvæði

| Nr. 5 - Umsögn Vegagerðarinnar - Norðursvæði | Viðbrögð |
|---|--|
| <p>Hönnun þjóðvega og tenginga við þjóðvegi þarf að vera í samráði við og með samþykki Vegagerðarinnar. Sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Í kaflanum 1.6 Matsskylda og leyfismál vantar að taka fram að leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir tengingum við vegi og öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.</p> | <p><i>Haft verður samráð við Vegagerðina varðandi mögulega tengingu þjónustuvegar við hafnarsvæðið. Tilkoma þjónustuvegar kallar á breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar og hönnunar á legu í fullu samráði við Vegagerðina. Í umhverfismatsskýrslu verður bætt við umfjöllun í kafla um matsskyldu og leyfismál í samræmi við ábendingar Vegagerðarinnar.</i></p> |

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands

| Nr. 6 – Umsögn Landhelgisgæslu Íslands | Viðbrögð |
|---|--|
| <p>Varðandi verkefnið vill Landhelgisgæsla Íslands koma því á framfæri að því er varðar siglingaöryggi þá er siglingaleiðin um Eyjafjörðinn djúp og hrein og ágætlega merkt með vitum og duflum til siglingaleiðsagnar. Rétt er að geta þess að þar sem gera má ráð fyrir umferð erlendra skipa til fyrirhugaðrar hafnar í Dysnesi, þar sem skipstjórnarmenn eru ókunnir staðháttum, þá er mikilvægt að gæta þess að hafnarmannvirki séu vel merkt með sjómerkjum sem og mögulegar siglingahættur í siglingaleið til hafnarinnar og í nágrenni við hana. Landhelgisgæsla Íslands veitir fúslega frekari upplýsingar um málið sé eftir því leitað.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um merkingar, siglingaleiðir og mögulegar siglingahættur í siglingaleið til hafnarinnar um Eyjafjörðinn. Haft verður samráð við Landhelgisgæslu Íslands þar um ef þörf krefur.</i></p> |

Umsögn Hafrannsóknastofnunar

| Nr. 7 - Umsögn Hafrannsóknastofnunar | Viðbrögð |
|--|--|
| <p>Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar þann 27. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna kynningar matsáætlunar um Dysnes, landfyllingu og höfn. Hafrannsóknastofnun minnir á að taka skuli til greina lög um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011) við mat á umhverfisáhrifum. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við matsáætlunina.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála, í samræmi við ábendingu Hafrannsóknastofnunar.</i></p> |

Umsögn Hörgársveitar

| Nr. 8 - Umsögn Hörgársveitar | Viðbrögð |
|---|--|
| <p>Hafnasamlag Norðurlands bs. áformar uppbyggingu á hafnarsvæði við Dysnes samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum er nú í kynningu og hefur Skipulagsstofnun óskað umsagnar Hörgársveitar um matsáætlunina sem lögð var fram og unnin af Mannvit í nóvember 2023.</p> | <p><i>Umsögn krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.</i></p> |

Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd við matsáætlunina á þessu stigi.

Umsögn Orkustofnun

| Nr. 9 - Umsögn Orkustofnun | Viðbrögð |
|--|---|
| <p>Orkustofnun bendir á að samkvæmt 1. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990 (hér eftir hafsbotnslög) er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þá má, skv. 2. gr. hafsbotnslaga, enginn leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar. Sömuleiðis er óheimilt að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi stofnunarinnar skv. 3. gr. laganna.</p> | <p><i>Í samræmi við ábendingar Orkustofnunar verður leitað eftir skriflegu leyfi Orkustofnunar til að leita eftir hagnýtum efnum á, í eða undir hafsbotni til mögulegrar notkunar við landfyllingu hafnarsvæðis. Í samræmi ábendingu Orkustofnunar verður leitað eftir skriflegu leyfi til að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum finnist efni sem áformað verði að nýta við hafnargerð á Dysnesi.</i></p> |
| <p>Orkustofnun bendir jafnframt á, ef þannig verður ákveðið sbr. umfjöllun aftar í þessari umsögn, að nýting grunnvatns er óheimil án leyfis Orkustofnunar skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (hér eftir auðlindalög). Sömuleiðis fer stofnunin með leyfisveitingarvald fyrir veitingu vatns úr farvegi, breytingu á vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, veitingu vatns af einni fasteign á aðra, stíflun og miðlun vatns með vísan til 7., 68., 75. og 78. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. þó ákvæða laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Framkvæmdir þær sem lýst er í matsáætlun geta verið háðar einu eða fleiri ákvæðum þessara laga.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um framkvæmdir í samræmi við ábendingu Orkustofnunar um þau ákvæði sem framkvæmdir á svæðinu gætu verið háðar.</i></p> |
| | |

| Nr. 9 - Umsögn Orkustofnun | Viðbrögð |
|--|----------|
| <p>Orkustofnun hefur kynnt sér tilkynnt áform og lýsingar fyrirhugaðra framkvæmda og áformaðar áherslur í umhverfismati framkvæmdarinnar. Bendir stofnunin á að fyrirhuguð efnistaka af hafsbotni, eða allt að 1,8 milljón m³, er matsskyld framkvæmd ein og sér, sbr. tölulið 2.01 í 1. viðauka umhverfismatslaga. Vekur stofnunin athygli á því að umfjöllun um þann hluta framkvæmdar er takmörkuð og skortir allnokkuð á efnisþætti umhverfismats sem hefðbundið er að fjallað sé um í slíkum framkvæmdum, þ.m.t. um hljóðvist, um áhrif á lífríki s.s. farleiðir fiska, einkum lax, og skautað er létt yfir aðra þætti s.s. fyrirhugaða efnistökuáðferð og gruggmyndun, um fornminjar, og hvort og þá hvaða önnur starfsemi sé á eða í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði. Þá skortir á upplýsingar um gerð og eiginleika sets, umfang og magn efnis á því svæði sem tilgreint er.</p> | |

| Nr. 9 - Umsögn Orkustofnunar | Viðbrögð |
|--|---|
| <p>Ekki liggja fyrir rannsóknir á efni því sem fyrirhugað er að nýta og ekki hefur verið sótt um leyfi Orkustofnunar til rannsókna á efni því sem hér er tilgreint. Ekki er því vitað á hvaða grunni talið er að efnið henti til landfyllingar, enda fylgir tilvitnað minnisblað þar að lútandi ekki með gögnum máls. Að öllu jöfnu er gnægð lausra jarðefna í fjörðum landsins, hvort sem það eru hjallar ofan sjávarmáls sem bera vitni um hærrí sjávarstöðu í lok síðustu ísaldar, árset, jökulættað set ýmiskonar eða sjávarset við núverandi strandlínur ellegar á hafsbotni. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um að á hverjum stað sé að finna hinar mismunandi setgerðir, þ.m.t. með tilliti til kornastærðar, kornastærðardreifingar, berggerðar og annarra efniseiginleika sem afmarka hina mismunandi notkunarmöguleika efnis.</p> <p>Það er því eðli ábyrgrar notkunar lausra jarðlaga á landi sem og af hafsbotni að efni sé nýtt á þann hátt sem það hentar best, og að hágæðaeefni sé ekki notað í framkvæmdir þar sem efniseiginleikar skipta litlu máli, nema að vel athuguðu máli. Orkustofnun telur því mikilvægt, áður en haldið er lengra í áformum um hafnargerð, að kannað sé hvort, hvar og hversu aðgengilegt hentugt efni sé að finna. Á þeim grunni megi hefja mat á áhrifum efnistöku, sbr. framanritað, þ.m.t. valkostagreiningu sem m.a. byggir á eiginleikum efnis eftir því sem við á.</p> | <p><i>Sótt verður um rannsóknarleyfi Orkustofnunar til rannsókna á mögulegu efnistökusvæði í sjó. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um niðurstöður rannsókna. Jafnframt verður fjallað um hvort unnt sé að sækja efni annars staðar frá og þá gerður samanburður á þeim valkostum sem til greina koma.</i></p> |
| <p>Samkvæmt kafla 2.3.1 í matsáætlun er gert ráð fyrir að neysluvatn fyrir svæðið verði mögulega sótt í Hofsskarð eða á Hörgáreyrar. Vatn til iðnaðarnota og eldvarna verði sótt í sömu vatnstökusvæði eða aðrar lausnir fundnar, allt eftir þörfum og uppbyggingu. Orkustofnun bendir á að á hvorugum staðnum er skráð vatnsból í gögnum stofnunarinnar, né á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Athuga ber hvort sækja þurfi um nýtingarleyfi skv. auðlindalögum til töku grunnvatns.</p> | <p><i>Samstarfsverkefni milli Hörgársveitar, Hafnasamlags Norðurlands bs. og Norðurorku er yfirstandandi varðandi neysluvatn, heitt vatn og fráveitu fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að neysluvatn verði fengið úr skráðum vatnsbólum á vegum Norðurorku á Akureyri en mögulega þarf að styrkja innviði. Rætt hefur verið um að settur verði upp forðatankur á svæðinu fyrir eldvarnir og eldvarnarkerfi sem krefjast meiri notkunar á l/s en neysluvatn og því hægt að gera minni kröfur um rennsli neysluvatns í l/s til svæðisins ef slíkur tankur er settur upp innan svæðisins.</i></p> <p><i>Nánari umfjöllun verður um þessi mál í umhverfismatsskýrslu.</i></p> |

| Nr. 9 - Umsögn Orkustofnunar | Viðbrögð |
|--|---|
| <p>Samkvæmt lýsingu í matsáætlun er áformað að hafa vegtengingu til svæðisins beint af Dalvíkurvegi í stað Bakkavegar. Ekki er þó tilgreint hvar sá vegur er áformaður og því liggur ekki fyrir hvort sú vegagerð kalli á framkvæmdir á eða í Pálmholtslæk, þ.m.t. hvort veita þurfi vatni úr farvegi, breyta vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, tímabundið eða til frambúðar.</p> | <p><i>Vegtenging er ekki innan deiliskipulagssvæðisins heldur er um að ræða mögulega skylda framkvæmd, sem myndi þjónusta svæðið í heild sinni og væri hluti af breytingu á gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar. Gerð yrði grein fyrir og metin umhverfisáhrif framkvæmdar í breytingartillögu aðalskipulags Hörgársveitar ef ný vegtenging verður við Ólafsfjarðarveg. Vegtenging yrði samvinnuverkefni Hörgársveitar og Vegagerðarinnar.</i></p> |
| <p>Orkustofnun bendir einnig á mikilvægi þess að fyrir nýja hafnar- aðstöðu sé gert ráð fyrir góðum raftengingum enda verður að gera ráð fyrir orkuskiptum í tengslum við hafsækna starfsemi og siglingar. Kanna þarf burðar- og afhendingargetu tilgreindra raforkuvirkja og haga skipulagi hafnarsvæðis á þann hátt að það hefti ekki orkuskipti. Ekki er sjáanlegt í framsettum gögnum, né í greinargerð með deiliskipulagi fyrir svæðið hvort svo hafi verið gert.</p> | <p><i>Fyrirhugað er að tengja svæðið við Dalvíkurlínu 1 og til vara Dalvíkurlínu 2. Samráð hefur þegar átt sér stað við Landsnet og Rarik varðandi mögulega eftirspurn eftir orku á svæðinu. Metin hefur verið orkuþörf fyrir svæðið miðað við skipulagsforsendur og þau fordæmi sem eru til staðar á sambærilegum svæðum. Ákveðið hefur verið að öll frávik frá ofangreindum viðmiðum yrðu meðhöndluð sem sérstök tilfelli og þá yrði samráð við Rarik og Landsnet varðandi úrlausn þeirra mála.</i></p> |

Umsögn Umhverfisstofnunar

| Nr. 10 – Umsögn Umhverfisstofnunar | Viðbrögð |
|---|--|
| <p>Starfsleyfi, leiðbeinandi reglur og önnur lög</p> <p>Í kafla 1.6 í matsáætluninni er fjallað um tilskilin leyfi en þar vantar tilvísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna starfsleyfis fyrir starfsemina sem og reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að móttaka og endurnýting úrgangs er starfsleyfis skyld til heilbrigðiseftirlits skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í kafla 3.3. matsáætluninni er fjallað um efnisþörf og öflun. Þar kemur fram að áætlað sé að nota efni úr sjó í landfyllinguna og skal þá fylgja leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunar-efna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sem m.a. fjalla um þær rannsóknir sem fara þurfa fram á efninu til að meta viðeigandi ráðstöfun og meðhöndlun þess.</p> | <p><i>Í umhverfismatskýrslu verður kafli um leyfismál úr matsáætlun uppfærður, meðal annars m.t.t. ábendingar Umhverfisstofnunar.</i></p> <p><i>Hafnasamlag Norðurlands bs. áformar að efnistaka verði boðin út á evrópska efnahagssvæðinu og að sá aðili muni sjá um rekstur þeirrar námu og myndi sækja um tilskilin leyfi í samræmi við ábendingu. Sá aðili myndi jafnframt þurfa að fylgja leiðbeinandi reglum Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefna.</i></p> |

| Nr. 10 – Umsögn Umhverfisstofnunar | Viðbrögð |
|--|--|
| <p>Vernduð svæði og náttúruvætti</p> <p>Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í námunda við tvö friðlýst náttúruvætti í Eyjafirði, annarsvegar Hverastryta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum, friðlýst sem náttúruvætti með augl. í Stj.tíð.B. nr. 510/2007 og hinsvegar Hverastrytur á botni Eyjafjarðar, friðlýst sem náttúruvætti með augl. í Stj.tíð.B. nr. 249/2001. Skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 má friðlýsa einstaka náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Fyrirhuguð er mikil efnistaka í sjó sem mun óhjákvæmilega valda uppþyrlun á fínefni og öðru gruggi. Fjalla ætti um áhrif framkvæmdarinnar á nærliggjandi náttúruvætti í hafsbotni í umhverfismati framkvæmdarinnar. Ekki langt frá framkvæmdasvæðinu eru Hörgárósar en hluti svæðisins hefur verið friðlýstur sem Krossnesborgir m.a vegna þess að svæðið er verndaður varpstaður fjölda fuglategunda. Hörgárósar nr. 506 er lýst sem ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. Á svæðinu eru tjarnir, flæðimýrar og strandgróður og mikið fuglalíf.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort möguleg efnistaka í sjó hafi áhrif á umrædd náttúruvætti í hafsbotni og friðlýst svæði Hörgárósa.</i></p> |
| <p>Vinsun umhverfisþátta</p> <p>Umhverfisstofnun telur að ekki séu færð nægilega góð rök fyrir vinsun umhverfisþátta sem skoða á í umhverfismatinu. Í greinargerð segir að út frá tiltækum gögnum sé ekki þörf á að skoða umhverfisþáttinn fuglalíf. Hvergi kemur fram hver þessi tiltæku gögn eru. Ekki langt frá svæðinu eru Hörgárósar en hluti svæðisins hefur verið friðlýstur sem Krossnesborgir, m.a vegna þess að svæðið er verndaður varpstaður fjölda fuglategunda. Hörgárósar nr. 506 er lýst sem ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. Á svæðinu eru tjarnir, flæðimýrar og strandgróður og mikið fuglalíf. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi matsþáttinn fuglalíf í mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt er tekið fram að hljóðvist á svæðinu sé talin góð í dag og byggðar verði hljóðmanir í grennd við bæinn Litla-Hvamm til að bæta hljóðvist þar.</p> | <p><i>Í greinargerð og umhverfisskýrslu deiliskipulags hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæða á Dysnesi í Hörgársveit dags. 17. mars 2016 er umfjöllun í kafla 2.1.4. um gróður og dýralíf, þar á meðal fugla. Framkvæmdaraðili telur fjarlægð í Hörgárósa það mikla að fuglar þar verði ekki fyrir áhrifum vegna hafnargerðar og landfyllingar á Dysnesi.</i></p> <p><i>Ekki er unnt að leggja mat á hljóðvist þar sem forsendur fyrir slíku mati liggja ekki fyrir. Ástæðan er sú að ekki liggur fyrir hvaða fyrirtæki muni fá lóðir undir sína starfsemi á Dysnesi. Þess</i></p> |

| Nr. 10 – Umsögn Umhverfisstofnunar | Viðbrögð |
|---|---|
| <p>Umhverfisstofnun telur að rétt væri að gera grein fyrir umhverfisþættinum hljóðvist í mati á umhverfisáhrifum. Í greinargerð er vísað til þess að ekki séu til neinar upplýsingar um núverandi hljóðvist á svæðinu og því fær stofnun ekki séð hvernig hægt er að vinsa umhverfisþáttinn frá án fyrirbyggjandi upplýsinga. Framkvæmdin og uppbygging hafnar og athafnasvæðis kemur að öllum líkindum til með að breyta núverandi hljóðvistar ástandi. Í greinargerð kemur einnig fram að umhverfisþátturinn mengun verði ekki skoðaður í umhverfismati framkvæmdarinnar. Hvergi eru færð rök fyrir vinsun á þeim umhverfisþætti. Eðli framkvæmdarinnar kemur til með að þurfa stórtækar vinnuvélar, aðgang að eldsneyti og er þá ótalið sú mögulega mengun sem getur orðið við fyrirhugaða hafnarstarfsemi. Það er mat Umhverfisstofnunar að gera skuli grein fyrir þeirri mengun sem getur orðið við framkvæmdina.</p> | <p><i>verður að sjálfsögðu gætt að ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða verði uppfyllt fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði.</i></p> <p><i>Tekið er undir með Umhverfisstofnun um mengun, þ.e. í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegri mengun vegna hafnargerðar og landfyllingar.</i></p> |
| <p>Stjórn vatnamála</p> <p>Stefnumörkun vatnaáætlunar 2022 – 2027 er ekki nægilega gætt í matsáætluninni, en samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Gera þarf grein fyrir vatnaáætlun og áhrifum framkvæmdarinnar á þá stefnumörkun sem er sett fram í vatnaáætlun og lögum um stjórn vatnamála. Gera þarf m.a. grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdirnar kunnu að hafa á viðkomandi vatnshlot, hvort hætta sé á því að ástandi þeirra muni á einhvern hátt hnigna og hvort þau munu standast þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau samkvæmt vatnaáætlun. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Samkvæmt vatnaáætlun má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið.</p> | <p><i>Eins og fram kemur í viðbrögðum við umsögn Hafrannsóknastofnunar, verður í umhverfismatsskýrslu lagt mat á áhrif vatnshlota í samræmi við lög um stjórn vatnamála.</i></p> |

Umsögn Dalvíkurbyggðar

| Nr. 11 - Umsögn Dalvíkurbyggðar | Viðbrögð |
|--|--|
| <p>Það er álit Dalvíkurbyggðar að vel sé gerð grein fyrir forsendum vinnu við umhverfismat framkvæmdarinnar fyrir þá matsþætti sem tilgreindir eru í matsáætlun. Að mati Dalvíkurbyggðar mætti fjalla um hugsanleg áhrif á samgöngur og umferðarpunga á Ólafsfjarðarvegi, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma framkvæmdarinnar. Þá telur Dalvíkurbyggð jafnframt æskilegt að fjallað verði um hugsanleg áhrif af tengingu framkvæmdasvæðis við Dalvíkurlínu 2 á afhendingaröryggi raforku til sveitarfélagsins.</p> | <p><i>Ef það gengur eftir, að efnistaka verði úr sjó munu framkvæmdir hafa óverulega áhrif á umferð á Ólafsfjarðarvegi á framkvæmdatíma.</i></p> <p><i>Fyrirhugað er að tengja svæðið við Dalvíkurlínu 1 og til vara Dalvíkurlínu 2. Samráð hefur þegar átt sér stað við Landsnet og Rarik varðandi mögulega eftirspurn eftir orku á svæðinu. Metin hefur verið orkuþörf fyrir svæðið miðað skipulagsforsendur og þau fordæmi sem eru til staðar á sambærilegum svæðum. Ákveðið hefur verið að öll frávík frá ofangreindum viðmiðum yrðu meðhöndluð sem sérstök tilfelli og þá yrði samráð við Rarik og Landsnet varðandi úrlausn þeirra mála.</i></p> |